

Heimatrygging 1

Upplýsingaskjal um vátryggingu

TM tryggingar hf. - Reykjastræti 6, 101 Reykjavík

TM

Skilmáli 101

Staðlað upplýsingaskjal um vátryggingu

Í þessu skjali finnur þú allar helstu upplýsingar um trygginguna. Vakin er athygli á því að atriði sem talin eru upp hér fyrir neðan eru ekki tæmandi listar heldur algeng og lýsandi atriði sett fram í þeim tilgangi að gefa þér góða mynd af tryggingunni í stuttu máli. Nákvæmari upplýsingar er að finna í skilmálum tryggingarinnar. Nýjustu skilmála og frekari upplýsingar um trygginguna finnur þú á [tm.is](#) og í TM appinu. Ef þú kaupir trygginguna færðu skírteini og þá skilmála sem gilda í þínu tilvik og getur þar séð nákvæmlega hvernig tryggingavernd þinni er háttað. Þú getur alltaf nálgast yfirlit yfir þínar tryggingar og iðgjöld í TM appinu.



Hvað bætir tryggingin?

- ✓ Tjón eða skemmdir á innbúi vegna t.d. bruna, þjófnaðar og vatnstjóns.
- ✓ Skaðabætur þegar einhver annar en fjölskyldumeðlimur verður fyrir tjóni og bótaábyrgð skapast.
- ✓ Áfallahjálp vegna tjónsatviks.
- ✓ Innbúskaskó sem tekur til skemmda á innbúi af víðtækum orsökum (valkvætt).
- ✓ Tjón á innbúi þegar heimilið er leigt út í heimagistingu (valkvætt).

Upptalningin hér að ofan er ekki tæmandi. Nánari upplýsingar um trygginguna er að finna í skilmála hennar.



Hvað bætir tryggingin ekki?

- ✗ Tjón á innbúi vegna utanaðkomandi vatns.
- ✗ Tjón á dýrum, vélknúnum ökutækjum, hjólhýsum, tjaldvögnum, bátum eða loftförum, þ.m.t. drónum, og hlutum sem tilheyra nefndum tækjum.
- ✗ Hlutir sem tynast, gleymast eða eru skildir eftir á almannafæri.
- ✗ Tjón á munum sem þú eða fjölskyldan þín hefur að láni, til leigu eða í geymslu.

Upptalningin hér að ofan er ekki tæmandi. Nánari upplýsingar um trygginguna er að finna í skilmála hennar.



Eru einhverjar sérstakar takmarkanir?

- ! Hámark á bótafjárhæðum í innbústryggingu:
- ! Skartgripir og úr eru að hámarki 5% af innbúsverðmæti.
- ! Peningar, verðbréf, handrit, frumteikningar, mynt- og frímerkjasöfn eru að hámarki 1% af innbúsverðmæti hver liður.
- ! Reiðhjól eru bætt að hámarki 150.000 kr.
- ! Verkfæri, varahlutir og áhöld eru að hámarki 5% af innbúsverðmæti.
- ! Ákveðnir munir, s.s. fatnaður og rafmagnstæki, afskrifast samkvæmt reglum sem finna má í skilmálum tryggingarinnar.

Upptalningin hér að ofan er ekki tæmandi. Nánari upplýsingar um trygginguna er að finna í skilmála hennar.



Hvar gildir tryggingin?

- ✓ Almennt gildir tryggingin á Íslandi og á ferðalögum hvar sem er í heiminum í 92 daga.
- ✓ Ábyrgðartryggingin gildir á Íslandi og á ferðalagi innan Evrópu í 92 daga.



Hverjar eru mínar skyldur?

Veita allar nauðsynlegar upplýsingar við töku tryggingar, við endurnýjun og eftir þörfum á meðan tryggingin er í gildi.

Tilkynna tjón til TM tafarlaust og eigi síðar en innan árs frá tjónsatviki.

Tilkynna lögreglu tafarlaust um innbrot, þjófnað, skemmdarverk og rán með ósk um rannsókn.

Reyna að afstýra tjóni eða takmarka það eins og hægt er.



Hvenær og hvernig greiði ég fyrir trygginguna?

Almennt er hægt að velja um nokkrar leiðir til að greiða fyrir trygginguna, þ.e. í einu lagi við útgáfu og hverja endurnýjun, með greiðsludreifingu í netbanka eða á kreditkort.



Hvenær tekur tryggingin gildi og hvenær lýkur henni?

Tryggingin gildir almennt í 12 mánuði frá því tímamarki sem getið er í skírteini og endurnýjast sjálfkrafa sé henni ekki sagt upp á því tímabili.



Hvernig segi ég tryggingunni upp?

Almennt er hægt að segja tryggingunni upp hvenær sem er á tryggingartímabilinu með skriflegri uppsögn ef þú færir þig til annars tryggingafélags eða hefur ekki lengur þörf fyrir hana. Löggjald er þó greitt fyrir þann hluta tímabilsins sem tryggingin var í gildi.